getið og áreiðanleika upplýsinga eða áskilinni leynd gagna sé ekki stefnt í tvísýnu. Um gjald fyrir slík afnot fer samkvæmt gjaldskrá skv. 9. gr. eða í samningum aðila.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 187. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 292/1993.

Samgönguráðuneytinu, 1. júlí 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson

11. júlí 1997 Nr. 442

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1997, um álagningu spilliefnagjalds, sbr. breytingu nr. 203/1997 og breytingu nr. 316/1997.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr VI. kafli sem er svohljóðandi:

VI. KAFLI.

Rafhlöður.

13. gr.

Gjaldskyldar rafhlöður og upphæð gjaldsins.

Spilliefnagjald skal lagt á einnota og endurhlaðanlegar rafhlöður hvort sem þær eru fluttar inn stakar eða sem hluti af raftöngum sem innihalda orkugjafa.

Rafhlöður sem innihalda meira en 0,025% kvikasilfurs eða kadmíums flokkast sem spilliefni að notkun lokinni og er um eftirfarandi gerðir að ræða:

Rafhlöðugerð	**Kvikasilfurinnihald (%)**
Kvikasilfuroxíð	30
Loft-sink	1
Silfuroxíð	0,4
Alkalískar hnapparafhlöður*	0,2

Spilliefnagjald á innfluttar rafhlöður skal innheimt í tolli. Við tollafgreiðslu ber innflytjanda að tilgreina í þar til gerðan reit á tollskýrslu, sbr. leiðbeiningar ríkistollstjóraembættisins þar um, hvort varan sé ekki spilliefnagjaldsskyld, sbr. skilgreiningu í 2. og 3. mgr.

Um gjaldtöku og flokkun til gjaldskyldu á rafhlöðum og tækjum eða búnaði sem í eru eða fylgja rafhlöður, gilda ákvæði viðauka V við þessa reglugerð.

2. gr.

VI. KAFLI verður VII. KAFLI.

3. gr.

13. gr. verður 14. gr. og 14. gr. verður 15. gr.

* Aðrar alkalískar rafhlöður eru lausar við kvikasilfur.
Nikkelkadmíum rafhlöður flokkast undir spilliefni.

4. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki V sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI V

RAFHLÖÐUR SEM GETA ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNUM.

Spilliefnagjald skal reikna sem tiltekna fjárhæð á hvert kílógramm (eða hluta úr kílógrammi) rafhlaðna sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer:

ÚR 85. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR			Kr/kg
8504		**Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:**	
		– Aðrir spennar:	
	8504.3100	– – 1 kVA eða minni	26,00
	8504.3200	– – Stærri en 1 kVA til og með 16 kVA	26,00
	8504.3300	– – Stærri en 16 kVA til og með 500 kVA	26,00
8506		**Frumrafhlöð og frumrafhlöður:**	
	8506.3000	– Kvikasilfuroxíð	186,00
	8506.4000	– Silfuroxíð	186,00
	8506.6000	– Loft-sink	186,00
	8506.8001	– Alkalískar hnapparafhlöður	186,00
8507		**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
		– Nikkelkadmíum:	
	8507.3001	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	186,00
	8507.3009	– – Aðrir	186,00
8543		**Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
	8543.4000	– Orkugjafar fyrir rafmagnsgirðingar	186,00
8548		**Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar; rafmagnshlutar til vélbúnaðar eða tækjabúnaðar, ót.a. í þessum kafla:**	
	8548.1000	– Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar	186,00

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. ágúst 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 11. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.